Til aðal- og varafulltrúa í skólamálaráði KÍ

Ágæti fulltrúi í skólamálaráði KÍ

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs vill með bréfi þessu kynna aðal- og varafulltrúum í ráðinu áform um tvo sameiginlega fundi í vetur. **Fyrri fundurinn er áformaður mánudaginn 15. nóvember næstkomandi en sá síðari þriðjudaginn 15. febrúar 2011**. Hér er um hálfsdagsfundi að ræða sem hefjast kl. 13 og lýkur um kl. 17. Dagskrá fundanna, fundarstaður og annað verður tilkynnt síðar. Fulltrúar eru beðnir um að taka þennan fundartíma frá. Þegar þar að kemur taka formenn skólamálanefndanna við skráningum síns fólks á fundina tvo en ferðakostnaður verður greiddur samkvæmt reglum KÍ og ber sambandið hann. Meðfylgjandi er fundargerð septemberfundar framkvæmdastjórnar skólamálaráðs til frekari skýringar.

Á fundum sínum í haust hefur framkvæmdastjórnin valið þrjú sérstök **málefni** sem unnið verði að í öllum skólamálanefndunum eins og formenn þeirra hafa vafalaust þegar kynnt. Til upprifjunar er þau hér tilgreind sem og tvö önnur sem aðstæður bjóða að fjallað verði um:

1. Fagmennska.
2. Forysta í skólastarfi og skólastjórnun.
3. Vettvangsnám og símenntun/starfsþróun sem hluti af kennaramenntun.
4. Nýjar aðalnámskrár, framkvæmd og áhrif nýrra laga og reglugerða um skólastigin
5. Mat á skólastarfi (sjálfsmat/innra mat og matsaðferðir og ytra mat og eftirlit með skólastarfi).

Án efa verður umfjöllun um þessi mál fyrirferðarmikil á fundunum okkar í nóvember og febrúar. Vinna við endurskoðun skólastefnu KÍ sem allar skólamálanefndirnar hafa með höndum fer einnig fram í vetur. Þess má vænta að vinna við málefnin hér að ofan styðji við þá endurskoðun og skerpi athygli okkar á nauðsynlegar breytingar og viðbætur í skólastefnu okkar.

Athygli fulltrúa í skólamálaráði er að lokum vakin á **efni á heimasíðu KÍ, undirsíðu um skólamál** en þar er að finna fundargerðir framkvæmdastjórnar og ýmislegt efni svo sem fréttir um ráðstefnur, efni um rannsóknir innlendar og erlendar og tengla á skólamálaefni frá samstarfssamtökum erlendis.

Með bestu kveðju
Elna Katrín Jónsdóttir, formaður